

## 4. gr.

Í stað „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í d stl. 2. mgr. 5. gr. komi: Vinnueftirlit ríkisins.

## 5. gr.

Síðasta setning 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Heilbrigðisnefndir samkv. lögum nr. 50/1981, hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í öðrum fyrirtækjum, sem hafa heimild til sölu þeirra samkv. 5. tl. 5. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

## 6. gr.

Síðasta lína 4. mgr. 5. gr. hljóði svo:

e. stl. 13. gr. reglugerðar um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 24/1983.

## 7. gr.

Í stað orðanna „hann fái til þess samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins og láti skrá söluvarning“ í 5. línu 6. mgr. 5. gr. standi: það gert undir umsjón viðkomandi eftirlitsaðila.

## 8. gr.

Síðasta setning 1. mgr. 6. gr. falli niður.

## 9. gr.

g. stl. 2. mgr. 7. gr. hljóði svo:

g. framleiðslunúmer ennfremur fyrningartími ef einhver er.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

#### I. KAFLI

**Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.**

A-gatnagerðargjald.

## 1. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt reglugerð þessari skal greiða af öllum nýbyggingum svo og viðbyggingum eldri húsa í sveitarsjóð Mosfellshrepps, sbr. 3. gr. Íbúðarhús ábúenda á lögbylum svo og nauðsynleg starfsmannahús þar vegna búreksturs að mati hreppsnefndar, og útihús lögbyla eru undanþegin gatnagerðargjaldi enda beri sveitarsjóður engan kostnað

af gatnagerð eða öðrum ágangi umhverfis húsin. Komi síðar til skipulegrar gatnagerðar af hálfu sveitarfélagsins þannig að starfsmannahús skv. framansögðu falli inn í skipulegt þéttbýli, er sveitarsjóði heimilt að innheimta af þeim gatnagerðargjöld skv. ákvæðum 3. gr.

## 2. gr.

Við úthlutun lóða eða þegar samningur hefur verið gerður milli landeigenda og sveitarstjórnar um gerð byggingalóða og lóðir eru orðnar byggingarhæfar að mati sveitarstjórnar, skal lóðarhafi greiða allt að helmingi gatnagerðargjalds hverrar lóðar.

Eftirstöðvar gatnagerðargjalds greiðist við veitingu byggingarleyfis enda sé sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá því að lóðarúthlutun fór fram.

## 3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss skal greiða ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á hvern rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands að frádregnum kostnaði við gatnagerð á hvern rúmmetra svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu .....	10,4%
2. Raðhús og tvíbýlishús .....	7,8%
3. Fjölbýlishús .....	2,8%
4. Iðnaðarhúsnæði .....	3,9%
5. Verslunar- og skrifstofuhús .....	3,9%
6. Allt húsnæði á miðbæjarsvæði .....	7,8%
7. Gróðurskálar með gegnsæju þaki og innangengir úr húsi .....	2,6%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu.

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að mati byggingarnefndar að grafa út grunn en að fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

Af einbýlishúsalóðum, sem eru stærri en 1000 m<sup>2</sup> skal greiða sérstakt stærðargjald af því, sem er fram yfir, kr. 243,41 pr. m<sup>2</sup> miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er á hverjum tíma, nú 155 stig.

## 4. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt hús á sömu lóð, skal gatnagerðargjald vegna hins nýja húss lækka um allt að 75% eftir mati sveitarstjórnar. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 3. gr. af því húsi sem fjarlægt er.

## 5. gr.

Gjald skv. 3. gr. skal reikna út og miða við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi gjaldliðum. Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði, fyrir og eftir breytingu.

## 6. gr.

Skv. 2. gr. skal sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá lóðarúthlutun. Sé eigi sótt um byggingarleyfi innan tilskilins tíma, fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi, enda sé sveitarstjórn þá skylt að endurgreiða þann hluta gatnagerðargjalds, sem þegar hefur verið greiddur.

## 7. gr.

Sveitarstjórn setur reglur um innheimtu gatnagerðargjalda samkvæmt reglugerð þessari. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

## II. KAFLI

**Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.**

B-gatnagerðargjald.

## 8. gr.

Af öllum lóðum og húsum, sem falla undir I. kafla skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

## 9. gr.

Af hverjum rúmmetra greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu .....	1,3%
Raðhús og tvíbýlishús .....	0,9%
Fjölbýlishús .....	0,5%
Atvinnuhúsnaði .....	0,9%
Allt húsnaði á miðbæjarsvæði .....	0,9%

Gróðurskálar skulu undanþegnir B-gatnagerðargjaldi.

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og samkvæmt 3. gr.

## 10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

## 11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið. Heimilt er þó gjaldanda að greiða  $\frac{3}{4}$  hluta gjaldsins með 4 jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert. Skal sá hluti gjaldsins bundinn lánskjaravísitölu og bera hæstu lögleyfða vexti.

Gatnagerðargjöldum samkvæmt reglugerð þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkir að beita ekki heimild um afturvirkni skv. 4. gr. nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. l. nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 447 frá 27. desember 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.